



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 22. mars 2019

Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta (lækkun iðgjalds), 637. mál.

Vísað er til erindis frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, dagsett 11. mars 2019.

Neytendasamtökin gjalda varhug við þeim breytingum sem lagðar eru fram í frumvarpinu á lækkun iðgjalds viðskiptabanka og sparisjóða til Tryggingarsjóðs innstæðueiganda og fjárfesta (TIF) þar sem ekki hefur farið fram nákvæmt mat á hæfilegri stærð TIF, eins og fram kemur í frumvarpinu.

Þá telja Samtökin affarasælla ef efnisþáttur framvarps þessa yrði tekin fyrir samhliða innleiðingu DGS III og BRRD tilskipana Evrópusambandsins þar sem þær munu hafa í för með sér gagngerar breytingar á regluverki innstæðutrygginga. Samtökin telja því í ljósi efnahagshrunsins 2008, varhugavert að lækka iðgjöld aðildarfélaga þegar ekki liggur fyrir festa í því regluverki sem ætlunin er að koma til framkvæmda.

Verði frumvarpið að lögum, telja Neytendasamtökin brýnt að tryggt verði að svigrúmið sem lægra iðgjald veitir, skili sér til hagsbóta fyrir innstæðueigendur.

Virðingarfyllst,

Breki Karlsson,
formaður Neytendasamtakanna